

Nov 29, 2024

Mat á innra mati

grunnskólanna í Kópavogi

Anna María Þorkelsdóttir
Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson
Kristrún Lind Birgisdóttir



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Yfirlit	2
Úttektir	2
Matsskýrslur	3
Matsskýrslur með dagsetningu heimsóknar	3
Niðurstöður	4
Heildarniðurstaða sveitarfélagsins	5
Niðurstöður grunnskólanna	5
Á byrjunarreit	6
Umbóta þörf	6
Gott verklag	6
Að lokum	7

Yfirlit

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og grunnskólalögum er innra mat á skólastarfi lögbundin krafa. Skólum ber að framkvæma reglulegt innra mat til að tryggja gæði skólastarfsins alls. Markmiðið er að greina styrkleika og veikleika í skólastarfi, stuðla að stöðugri þróun og bæta námsárangur nemenda. Skólar þurfa að framkvæma matið á gagnsæjan og kerfisbundinn hátt, þar sem matið verður hluti af umbótastarfi skólans. Niðurstöður innra mats eiga að vera aðgengilegar fyrir skólasamfélagið og sveitarfélagið (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011; Grunnskólalög nr. 91/2008).

Við úttekt á innra mati grunnskóla Kópavogsbæjar var alfarið stuðst við viðmið og vísbendingar úr matsblaði Menntamálastofnunar „**Gæðastarf í grunnskólum**“. Matsblöðin sem notuð við úttektina eru hönnuð til að tryggja gæði innra mats í grunnskólum og draga fram heildarstöðu skólanna á samræmdan máta. Viðmiðin voru upphaflega þróuð í samstarfi við menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga og hafa verið notuð frá 2013 til að meta skóla á landsvísi. Viðmiðin voru endurskoðuð árið 2022 með áherslu á lög um farsæld barna og menntastefnu 2030 auk þess sem sérstök [matsblöð](#) voru gefin út.

Matsblöðin eiga að tryggja að niðurstöður taki mið af nýjustu kröfum um gæði og stöðu innra mats í grunnskólastarfi. Niðurstöður úttektarinnar nýtast til þess að styðja við og efla innra gæðastarf í grunnskólum Kópavogsbæjar.

Þessi skýrsla er samantekt á matsúttekt sem ráðgjafar Ásgarðs gerðu haustið 2024 að beiðni Kópavogsbæjar á starfsemi grunnskólanna tólf í þeim tilgangi að meta og kortleggja stöðu innra mats í grunnskólum Kópavogsbæjar.

Úttektir

Þann 10. október sl. voru skólastjórnendur grunnskólanna tólf beðnir um að skila gögnum fyrir mánudaginn 14. október og gekk það að mestu leyti eftir.

Gögnin sem óskað var eftir voru eftirfarandi:

- Umbótaáætlun síðasta skólaárs 2023-24
- Innra matsskýrslu ársins 2023-24
- Fulltrúum í innra matsteymi
- Langtímaáætlun um innra mat til 3-5 ára
- Ítarlegri matsáætlun skólaársins
- Starfsáætlun skólaársins 2024-25
- Skólanámskrá skólans

Hver og einn skóli fékk jafnframt aðgang að matslista og áttu matsteymin að fylla út matslistana og gera gróft mat á sinni stöðu fyrir 25. október.

Fljótlega varð ljóst að lítil viðbrögð voru við sjálfsmatinu og þá var tekin sú ákvörðun að ráðgjafarnir myndu vinna matið út frá innsendum gögnum og nýta frekar tímann í heimsóknunum til þess að ræða niðurstöðurnar og aðlaga matið ef frekari upplýsingar kæmu í ljós í heimsóknunum.

Með þessu móti náðist að ljúka drögum að heildarmati á innra mati allra skólanna fyrir 25. október. Allir skólarnir fengu sitt mat sent þann 24. október og höfðu að minnsta kosti 10 daga til þess að ígrunda matið og bregðast við.

Í kjölfarið voru heimsóknir ráðgjafanna skipulagðar. Flestar heimsóknirnar tóku um það bil tvær klukkustundir.

Matsskýrslur

Allir skólarnir hafa fengið skýrslur um innra mat sendar og hafa áfram aðgang að sjálfu matsskjalinu sem inniheldur þá niðurstöðu sem skólastjórnendur og matsaðilar urðu sammála um.

Matsskýrslur með dagsetningu heimsóknar

-  Álfhólsskóli mat á innra mati 7. nóvember 2024
-  Arnarskóli mat á innra mati 5. nóvember 2024
-  Hörðuvallaskóli mat á innra mati 6. nóvember 2024
-  Kársnesskóli mat á innra mati 11. nóvember 2024
-  Kópavogsskóli mat á innra mati 11. nóvember 2024
-  Kóraskóli mat á innra mati 7. nóvember 2024

-  Lindaskóli mat á innra mati 5. nóvember 2024
-  Salaskóli mat á innra mati 5. nóvember 2024
-  Smáraskóli mat á innra mati 6. nóvember 2024
-  Snælandsskóli mat á innra mati 6. nóvember 2024
-  Vatnsendaskóli mat á innra mati 6. nóvember 2024
-  Waldorfskólinn mat á innra mati 5. nóvember 2024

Niðurstöður

Matsblöðin sem notuð voru við úttektina eru hönnuð til að tryggja gæði innra mats í grunnskólum og daga fram heildarstöðu skólanna á samræmdan máta. Viðmiðin voru upphaflega þróuð í samstarfi við menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga og hafa verið notuð frá 2013 til að meta skóla á landsvísi. Viðmiðin voru endurskoðuð árið 2022 með áherslu á lög um farsæld barna og menntastefnu 2030 auk þess sem sérstök [matsblöð](#) voru gefin út.

Matskvarðinn sem nýttur var til þess að meta stöðu skólanna er sá sami og tilgreindur er í leiðbeiningunum um notkun matslistanna.

Ennfremur settu ráðgjafar Ásgarðs sér áþreifanlegri viðmið um árangur við mat á stöðu skólanna gagnvart viðmiðunum til þess að tryggja sem best gagnsæi við matið.

Skólastjórnendur fengu matsblaðið með matinu til þess að geta glöggvað sig betur á einkunnakerfinu.

 Innra mat - Ítarleg viðmið við mat á ytra mati grunnskóla Kópavogsbæjar

Matskvarðinn er í fimm liðum:

- Til fyrirmyndar ▾
- Mjög gott verklag ▾
- Gott verklag ▾
- Miklar úrbætur þarfar ▾
- Óviðunandi ▾

Mjög gott verklag er fullnægjandi verklag en Til fyrirmyndar þýðir að gengið sé enn lengra en mjög gott verklag segir til um.

Heildarniðurstaða sveitarfélagsins

Niðurstöður úttektarinnar voru teknar saman í einn heildstæðan matsprófil fyrir Kópavogsbæ þar sem hægt er að skoða ítarlega niðurstöðu hvers skóla fyrir sig.

- Yfirlitsskjal - Ytra mat á innra mati. Kópavogur 23-10-2024

Hér má sjá heildarniðurstöðu allra skólanna á einni mynd:

Kóraskóli	Hörðuvallaskóli	Lindaskóli	Salaskóli	Arnarskóli	Waldorf
Skipulag	Skipulag	Skipulag	Skipulag	Skipulag	Skipulag
Framkvæmd	Framkvæmd	Framkvæmd	Framkvæmd	Framkvæmd	Framkvæmd
Umbætur	Umbætur	Umbætur	Umbætur	Umbætur	Umbætur

Kársnesskóli	Kópavogsskóli	Snælandsskóli	Smáraskóli	Álfhólsskóli	Vatnsendaskóli
Skipulag	Skipulag	Skipulag	Skipulag	Skipulag	Skipulag
Framkvæmd	Framkvæmd	Framkvæmd	Framkvæmd	Framkvæmd	Framkvæmd
Umbætur	Umbætur	Umbætur	Umbætur	Umbætur	Umbætur

Niðurstöður grunnskólanna

Tekið var mjög vel á móti okkur í öllum skólunum. Skólastjórnendur virðast ánægðir með framtak Kópavogsbæjar og strax var eftirspurn eftir frekari stuðningi við innra mat skólanna.

Almennt má flokka skólana í þrjá flokka:

- Skólar þar sem innra mat er á algjörum byrjunarreit, mikil þörf að koma á grunnskipulagi og efla verulega skilning á eðli innra mats og framkvæmd þess.
- Skólar með ákveðinn grunn að fyrirkomulagi innra mats en úrbóta þörf til að koma á góðu verklagi við innra mat.

3. Skólar þar sem innra mat er langt á vel komið og lítið þarf til þess að verklag við innra mat geti talist almennt mjög gott.

Ekki var talin ástæða til að gefa neinum matsþætti seinkunina **Til fyrirmyndar** né gefinn kostur á því að gefa þá einkunn í sjálfsmatinu.

Á byrjunarreit

Óviðunandi **Miklar úrbætur þarfar** Mikil þörf að koma á grunnskipulagi og efla skilning á framkvæmd við innra mat.

- Kóraskóli
- Hörpuvallarskóli
- Salaskóli
- Kópavogsskóli
- Snælandsskóli
- Smáraskóli
- Vatnsendaskóli

Umbóta þörf

Miklar úrbætur þarfar **Gott verklag** Góður grunnur en úrbóta þörf til að koma á góðu verklagi við innra mat.

- Lindaskóli
- Arnarskóli
- Waldorfsskóli
- Kársnesskóli

Gott verklag

Gott verklag **Mjög gott verklag** Langt eða mjög vel á veg komið að byggja upp gott verklag við innra mat. Verklag geti orðið **Til fyrirmyndar** með lítilsháttar stuðningi.

- Álfhólfsskóli

Að lokum

Það var bæði gefandi og skemmtilegt að fá tækifæri til þess að heimsækja grunnskólana í Kópavogi. Gæðamál eru augljóslega skólastjórnendum ofarlega í huga og mikill metnaður hjá þeim að koma innra mati í betri farveg.

Við viljum nota tækifærið og þakka traustið og samstarfið og vonum að þessi úttekt verði nýtt til þess að efla og styðja við gæðastarf í leik- og grunnskólum bæjarins. Öll gögnin sem fylgja úttektinni má nýta til framþróunar og samanburðar á framförum á milli ára.

Virðingarfyllst,

Anna María Þorkelsdóttir

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

Kristrún Lind Birgisdóttir